



Blaðsíða 3

**Sumarferð í
Fjörður**

Blaðsíða 8

**Orlofskostir
2026**

Blaðsíða 18

**Aðalfundur
sjómannadeildar**

Orlofshús, hótél og fleira í blaðinu



Forsíða

Hjálpast að í snjómokstri

Höfðavélar á Húsavík sjá um að hreinsa bílastæði við Skrifstofu stéttarfélaganna. Hér má sjá skemmtilega mynd af Baldri starfsmanni hjá Höfðavélum og Agnieszku hjá stéttarfélagunum hjálpast að við mokstur við skrifstofuna þegar óveður gekk yfir landið í mars. Vissulega eru snjómoksturstækin sem þau nota mis öflug en þau skila sínu og rúmlega það.

ÚTGEFENDUR

Pingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirllestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 10. mars 2026

UPPLAG

1000

PRENTUN

Héraðsprint



STARFSMAFFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Gengið frá stofnana- samningi við HSN

Stéttarfélagin innan SGS á Norðurlandi hafa gengið frá endurnýjuðum stofnanasamningi við HSN, þetta eru auk Framsýnar, Eining-löja, Aldan og Samstaða. Samningurinn var undirritaður í byrjun mars. Meðal þeirra atriða sem samið var um og voru ekki í fyrri samningi eru þrjú ný starfsheiti. Það eru: Aðstoðarmaður almennt, Háskólanemi á heilbrigðisviði og Matartæknir II. Þá var samið um að ef starfsmenn færast til innan stofnunar í starfsheiti sem er ekki til staðar í nýja stofnanasamningnum geti þeir farið fram á að vera áfram í viðkomandi stéttarfélagi. Ber þá að varpa þeim í launatöfluna með svipuðum hætti og gengur og gerist í sambærilegum stofnanasamningum sem gilda fyrir önnur stéttarfélög á heilbrigðisstofnunum innan HSN. Ákvæðið á ekki við ef viðkomandi starfsfólk er með heilbrigðismenntun. Þá er gleðilegt til þess að vita að samningar tókust um að lyfta almennum störfum við ræstingu í eldhúsi og þvottahúsi upp um einn launaflokk, það er úr launaflokki 7 í 8. Fram að þessu hafa þessi störf verið lægst launuð. Hvað þetta ákvæði varðar tekur breytingin gildi 1. nóvember 2026. Að endingu má nefna að sérstakur launaflokkur sem starfsmenn hafa haft sem taka næturvaktir, heldur sér hjá núverandi starfsmönnum, en fellur niður hjá nýjum starfsmönnum sem ráðnir verða til starfa enda hefur í undangengnum kjarasamningum verið gengið frá verulegum breytingum er tengist greiðslum fyrir næturvaktir til hækkunar. HSN vildi fella ákvæðið um næturvaktirnar alfarið út en forsvarsmenn stéttarfélaganna mótmæltu því, niðurstaðan var að núverandi starfsmenn haldi ákvæðinu en það falli niður hjá þeim starfsmönnum sem ráðnir verða til stofnunarinnar í framtíðinni. Stofnanasamningurinn gildir afturvirkt, það er frá 1. október 2025.



ASÍ sakar ríkisstjórnina um yfirgang

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) krefst þess að frumvarp ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttir um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsúrræði verði dregið til baka. Það er, ónýtt frumvarp verði dregið til baka. Þetta kemur fram í ítarlegri og afdráttarlausri umsögn um frumvarpið þar sem stjórnvöld er sökuð um samráðsleysi og yfirgang gagnvart launafólki. Frumvarpið felur í sér verulegar skerðingar á réttindum launafólks við atvinnumissi og grundvallarbreytingar á stjórnsýslu kerfisins. Tvær veigamestu breytingarnar eru annars vegar að bótatímabil verður stýtt úr 30 mánuðum í 18 mánuði, og hins vegar að ávinnslutími réttar til bóta lengist úr þremur mánuðum í tólf mánuði. Með breytingunum hyggjast stjórnvöld spara um sex milljarða króna á ári með því að draga úr afkomutryggingu þeirra sem missa vinnuna. Nánar má lesa um tillögur stjórnvalda um að rústa lögum um atvinnuleysistryggingar inn á heimasíðu stéttarfélaganna, framsyn.is



Besti dagur ársins

Starfsfólk Skrifstofu stéttarfélaganna er sammála um að Öskudagurinn sé bestí dagur ársins en þá leggja fjölmargir gestir leið sína á skrifstofuna til að taka lagið fyrir starfsmenn og þiggja góðgæti í staðinn. Ótrúlega margir flottir búningar voru áberandi í ár enda tilheyrir það deginum að klæðast alls konar búningum sem er afar ánægjulegt. Myndirnar tala sínu máli.



Stéttarfélagin bjóða upp á sumarferð í Fjörður

Stéttarfélagin standa fyrir sögu- og gönguferð í Fjörður í sumar, og er ferðin fyrirhuguð fyrirpart ágústmánaðar. Með í för verður leiðsögumaður sem miðlar upplýsingum um staðhætti og búsetu sem eitt sinn var á þessu svæði. Farið verður á fjallarútu sem leggur upp frá Húsavík snemma morguns og komið er heim að kveldi. Leiðin í Fjörður liggur um Leirdalsheiði til Hvalvatnsfjarðar. Þegar þangað kemur reima menn á sig gönguskóna og rölta yfir hálsana yfir í Þorgeirsfjörð. Áætlað er að það taki einn og hálfan tíma að ganga hvora leið, en um er að ræða þægilega gönguleið sem ætti að vera á flestra færi. Að Þönglabakka í Þorgeirsfirði verður staldrað við um stund, þar verður boðið upp á grill, því næst verður haldið sömu leið til baka. Fararstjóri verður Ósk Helgadóttir. Ferðin verður auglýst betur síðar á heimasíðu stéttarfélaganna og í Fréttabréfi sem kemur út í júní. Meðfylgjandi mynd er tekin á rústum Kaðalstaða í Hvalvatnsfirði en félagin stóðu fyrir ferð í Fjörður fyrir nokkrum árum, uppselt var í ferðina.



Vegið að veikindarétti launafólks

Nokkuð hefur borið á því að atvinnurendur telji veikindaréttindi launafólks skv. kjarasamningum of mikil og misnotuð. Til ýmissa aðgerða hefur verið gripið sem eru andstæðar kjarasamningum og vega gegn persónufrelsi launafólks. Atvinnurekendum væri nær að líta í eigin barm. Svo skrifar Magnús Norðdahl inn á heimasíðu Alþýðusambands Íslands. Skorað er á vinnandi fólk að fara inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is og lesa þessa vel skrifuðu grein um veikindarétt launafólks.

Þörf á áframhaldandi samræmdu eftirliti í ferðapjónustu

Vísbendingar eru um gerviverktöku í ferðapjónustu og þóknun verktaka er oft langt undir því sem þarf til að standa undir þeim kostnaði og réttindum sem launafólk nýtur samkvæmt kjarasamningum. Þetta er meðal þess sem fram kemur í skýrslu Vinnustaðaeftirlits ASÍ sem nálgast má á vef sambandsins. Vinnustaðaeftirlit Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og stéttarfélaganna tók þátt í eftirlitsátaki með fólksflutningum og leiðsögn í ferðapjónustu sumarið 2025. Átakið var skipulagt af ASÍ og framkvæmt í samvinnu við lögreglu, Skattinn og Vinnueftirlitið (VER). Markmiðið var að fá skýrari mynd af starfsháttum í greininni, tryggja að réttindi starfsfólks væru virt og auka samhæfingu eftirlitsaðila. Á átta eftirlitsdögum yfir sumarið var rætt við 404 einstaklinga og skráðar 325 fyrirtækjakennitölur. Niðurstöður ASÍ úr áttatíu veita mikilvæga innsýn í starfshætti í greininni og benda til þess að verktaka sé útbreidd meðal leiðsögumanna og hópþreifiðastjóra. Fram komu vísbendingar um gerviverktöku, þar sem vinnufyrirkomulag og aðstæður bera einkenni hefðbundins ráðningarsambands þrátt fyrir að samningar séu gerðir um verktöku. Þá kom í ljós að þóknun verktaka er oft langt undir því sem þarf til að standa undir þeim kostnaði og réttindum sem launafólk nýtur samkvæmt kjarasamningum. Tilefni er því til að skoða nánar bæði mörk verktöku og það hvernig tryggja megi að kjör séu í samræmi við raunverulegan kostnað og ábyrgð. Eftirlitsfulltrúar urðu einnig varir við að fararstjórar frá löndum utan EES, einkum frá Kína, sinntu í sumum tilvikum verkefnum sem falla undir starf leiðsögumanns, án þess að hafa tilskilin atvinnuréttindi hér á landi. Samhljóða niðurstaða þátttakenda var að í jafn flókinni, margþættri og ört vaxandi atvinnugrein og ferðapjónustan er dugi ekki að einstakar stofnanir starfi og stundi eftirlit hver í sínu horni. Niðurstöðurnar undirstrika að mati ASÍ þörf á áframhaldandi samræmdu eftirliti og skýrri ábyrgðarskiptingu til að tryggja sanngjörn starfskjör, heilbrigða samkeppni og trausta ferðapjónustu til framtíðar.



Það er hollt að stunda pílu með stuðningi stéttarfélaganna

Pílusalur Völsungs sem er í Sundlaugarsalnum er opinn flesta daga. Reyndar eru forsvarsmenn Píludeildar Völsungs duglegir við að setja inn upplýsingar um opnunartíma inn á Facebooksíðu deildarinnar.

Þar kemur fram að félagsgjöldin eru:

- 14–18 ára: 10.000 kr.
- 18 ára og eldri: frá 15.000 kr.
- Stakt kvöld: 2.000 kr.

Félagsmenn deildarinnar sem eru í Framsýn og Þingið geta notað íþróttta-/heilsueflingarstyrki félaganna upp í æfingagjöldin og fengið þannig allt að 50% niðurgreiðslu. Styrkurinn til félagsmanna fer eftir greiddu félagsgjaldi. Píludeild Völsungs er ánægð með samstarfið við Framsýn og Þingið og hefur komið þakklæti sínu á framfæri við félögin. Stéttarfélögin hvetja alla áhugasama til að mæta í Sundlaugarkjallarann á Húsavík og prófa þessa mögnuðu íþrótt, ekki síst félagsmenn sem fá góða styrki frá stéttarfélagunum stundi þeir íþróttina.



Er starfsfólki skylt að fara til trúnaðarlæknis?

Lögfræðingar BSRB og Sameykis, Hrannar Már Gunnarsson og Jenný Þórunn Stefánsdóttir, skrifa áhugaverða grein inn á heimasíðu BSRB um dóm Landsréttar er tengist aðkomu trúnaðarlækna stofnana að veikindum starfsmanna.

Niðurstaðan er að starfsfólki ber ekki að mæta til trúnaðarlæknis nema í undantekningartilvikum. Í júní árið 2023 staðfesti Landsréttur þá túlkun sem áður hafði komið fram í dómi Félagsdóms þar sem deilt var um hvort starfsfólki bæri skylda til að mæta til trúnaðarlæknis í veikindum. Þar var fjallað um ákvæði kjarasamnings sem snýr að trúnaðarlæknum en slík ákvæði eru almennt sambærileg heilt yfir á íslenskum vinnumarkaði.

Trúnaðarmanna- námskeið framundan

Stéttarfélögin standa fyrir tveggja daga trúnaðarmanna-
námskeiði 26. – 27. mars nk. í fundarsal stéttarfélaganna
á Húsavík í samstarfi við Félagsmálaskóla alþýðu. Á nám-
skeiðinu verður farið yfir starf trúnaðarmanns, samskipti á
vinnustað, hlutverk stéttarfélaga og lífeyrissjóða.

Þess er vænst að trúnaðarmenn fjölmenni á námskeiðið
sem er þeim að kostnaðarlausu auk þess sem þeir eiga rétt
á að halda fullum launum meðan á námskeiðinu stendur.
Þá er full ástæða til að hvetja stjórnendur fyrirtækja þar
sem ekki eru trúnaðarmenn til staðar að vinna að því
að kosning trúnaðarmanna fari fram enda eiga að vera
starfandi trúnaðarmenn á vinnustöðum sem telja 5 eða
fleiri starfsmenn. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á
Skrifstofu stéttarfélaganna.



Þvílíkur fjársjóður – framtíðin björt

Nemendur í 10. bekk Borgarhólsskóla á Húsavík komu í
heimsókn til stéttarfélaganna. Á móti þeim tóku nafnarnir,
Aðalsteinn Árni og Aðalsteinn Jóhannes, sem gerðu
þeim grein fyrir starfsemi og hlutverki stéttarfélaga. Eftir
fræðandi fyrirlestur var boðið upp á spennandi spurninga-
keppni sem gestirnir kunnu vel að meta en flestar spurn-
ingarnar tengdust fyrirlestrinum um starfsemi Framsýnar
og aðildarféлага Skrifstofu stéttarfélaganna. Óhætt er að
segja að nemendurnir hafi staðið sig frábærlega vel en
þau sögðust ánægð með heimsóknina og alla fræðsluna
sem var í boði. Þökkuðu þau vel fyrir sig. Miðað við þessa
frábæru unglinga er framtíðin björt á Húsavík.



**Er trúnaðarmaður
á þínum vinnustað?**



*Ef ekki er mikilvægt að gengið sé frá
kjöri á trúnaðarmanni sem allra fyrst!*

Af hverju skiptir lífeyriskerfið máli fyrir ungt fólk?

Eftir umfjöllun Kveiks nýlega um ásækni í séreignarlífeyri
ungmenna er eðlilegt að vangaveltur vakni í þjóðfélaginu.
Hvaða pening er fólk að tapa, hvers vegna, og hvað er
hægt að gera í málinu? Í stuttu máli má segja að unga
fólkið líti svo á að maður þurfi ekki að spá í lífeyri fyrr en
maður verður "gamall". Síðan mætir einhver sölumaður
með myndir af snekkjum, kampavíni og kaviar og sýnir

unga fólkinu að það geti lifað eins og kvikmyndastjörnur
ef það bara borgar "kúk og kani" í séreignarsparnað. Þetta
er næstum of gott til að vera satt! ...og það er líka of gott
til að vera satt. Af hverju er svona auðvelt að blekkja ungt
fólk? Ungt fólk er ekki vitlaust, bara illa upplýst, þekkir ekki
réttindi sín og hefur ekki grunnþekkingu á lífeyriskerfinu.

Ráðherrar og þingmenn á ferðinni

Svokölluð kjördæmavika stóð yfir í lok febrúar sem þýðir að þingmenn og ráðherrar leggja land undir fót og ferðast um landið til að hitta kjósendur og íbúa almennt. Hvað Húsavík varðar voru fulltrúar frá Miðflokknum, Sjálfstæðisflokknum og Viðreisn áberandi á svæðinu í kjördæmavikunni. Flokkarnir stóðu fyrir opnum vel sóttum fundum auk þess að heimsækja m.a. fyrirtæki og forsvarsmenn stéttarfélaganna. Miklar og góðar umræður sköpuðust á fundinum um byggða- og atvinnumál, Evrópusambandið sem og frumvörp sem eru til umræðu á þingi. Að sjálfsögðu hafa fulltrúar Framsýnar verið duglegir við að sækja þessa fundi auk þess sem ráðherrar og þingmenn hafa gefið sér tíma til að heimsækja Skrifstofu stéttarfélaganna. Meðfylgjandi mynd er tekin á fundi Viðreisnar sem fram fór í fundarsal stéttarfélaganna.



Tilkynna ber vinnuslys þegar í stað

Vinnueftirlitið vill vekja athygli atvinnurekanda á skyldu þeirra til að tilkynna rafrænt til Vinnueftirlitsins öll slys sem leiða til þess að starfsmaður verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, umfram þann dag sem slysið varð. Tilgangurinn er að halda skrá yfir orsakir og tíðni vinnuslysa svo efla megi forvarnarstarf á vinnustöðum á íslenskum vinnumarkaði og koma í veg fyrir að slys endurtaki sig. Til að skráin gefi sem réttasta mynd er mikilvægt að vita hvers eðlis slysin eru. Þess vegna er afar brýnt að atvinnurekendur sinni tilkynningarskyldu sinni. Tilkynna skal um vinnuslys innan sjö daga. Gildir það einnig þó að endanlegar afleiðingar liggi ekki fyrir. Hægt er að uppfæra tilkynninguna komi frekari afleiðingar í ljós. Hafi láðst að tilkynna vinnuslys skal það gert eins fljótt og auðið er. Vinnueftirlitið vill því hvetja þig til að tilkynna vinnuslys sem hafa orðið á vinnustað þínum þar sem skilvirkt forvarnarstarf getur margborgað sig; fyrir atvinnurekendur, starfsfólk og samfélagið allt. Bent er á að rafræn skráning vinnuslysa kallar ekki sjálfkrafa á aðkomu Vinnueftirlitsins. Stofnunin metur í hverju tilfelli fyrir sig hvort það telji ástæðu til að gera sérstaka vettvangskonunnun en ekki er alltaf þörf á slíkri rannsókn þegar til dæmis orsakir slyss liggja fyrir. Nánari upplýsingar um tilkynningarferlið að finna á vef Vinnueftirlitsins.

Formaður VR í heimsókn

Halla Gunnarsdóttir formaður VR gerði sér ferð til Húsavíkur til að hitta formann Framsýnar, Aðalstein Árna og formann verslunarmannadeildar félagsins, Aðalstein J. Tilefnið var að heyra í þeim hljóðið og kynna sér starfsemi Framsýnar. Þess má geta að Halla er einnig þriðji forseti ASÍ en auk forseta sambandsins eru þrír varaforsetar. Það er alltaf ánægjulegt þegar forystumenn á höfuðborgarsvæðinu leggja land undir fót og heimsækja stéttarfélögin á landsbyggðinni til að taka stöðuna. Umræður urðu m.a. um stöðuna í efnahagslífinu, verðbólguna, auknar álögur stjórnvalda, vaxandi atvinnuleysi og frumvörp sem eru til afgreiðslu á Alþingi og tengjast beint réttindabaráttu verkafólks. Því miður er frumvörpunum ætlað að skerða sjálfsögð réttindi ekki síst láglounafólks, lífeyrisþega og þeirra sem þurfa á atvinnuleysisbótum að halda. Þá urðu umræður um starfsemi LÍV. Jafnframt urðu umræður um starfsemi ASÍ og komandi þing sambandsins í haust en reikna má með líflegu og árangursríku þingi auk þess sem kosið verður í öll helstu embætti á vegum Alþýðusambands Íslands.



Komu samstarfskonum á óvart

Karlarnir í G-26 komu samstarfskonum á óvart í tilefni af Konudeginum með stórbrotnu hlaðborði. Konurnar voru ekkert smá ánægðar með veisluna. Reyndar kom það þeim verulega á óvart hvað veisluborðið var veglegt enda karlpeningurinn ekki beint þekktur fyrir sín hlaðborð á Skrifstofu stéttarfélaganna þar sem Enor, Sparisjóður Þingeyinga og Sjóvá eru einnig til húsa.



Kallað eftir aðkomu þingmanna

Formaður Framsýnar skrifar svo til þingmanna kjördæmisins þar sem hann kallar eftir skoðunum þeirra á málefnum Húsavíkurflugvallar. Því miður virðist sem þingmönnum komi þetta ekkert við miðað við viðbrögðin frá þeim. Lítið hefur verið um svör fyrir utan Miðflokkinn sem er með málið til skoðunar.

„Framsýn hefur lengi barist fyrir flugsamgöngum milli Húsavíkur og Reykjavíkur. Því miður liggja þær niðri um þessar mundir sem er miður. Ein af forsendum þess að takist að efla atvinnulífið í Þingeyjarsýslum frekar án næstu árum eru öruggar flugsamgöngur. Líður í því er að viðhalda Húsavíkurflugvelli sem og byggingum sem tengjast samgöngum um völinn. Vitað er að stjórnvöld eru að styðja við flugsamgöngur milli flugvalla á Íslandi sem óþarfi er að tíunda frekar enda liggur fyrir hvaða flugvelli þetta eru, Húsavíkurflugvöllur er ekki þar á meðal. Nú ber svo við samkvæmt eftirfarandi frétt: https://www.mbl.is/frettir/innlent/2026/01/24/hefja_utbod_a_isafjardarflugi/ er Vegagerðin að hefja útboð á áætlanarflugi á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar. Um er að ræða sérleyfissamning en stefnt er að samningstíma til fjögurra ára, frá 1. september 2026 til og með 31. ágúst 2030, með möguleika á framlengingu upp á eitt ár. Hvað með Húsavík, hafa þingmenn kjördæmisins barist fyrir því að Vegagerðin með stuðningi frá stjórnvöldum bjóði útflug til Húsavíkur? Svar óskast. Án efa eru mikil samleiðaráhrif því fylgjandi að bjóða þessar tvær flugleiðir út í einu. Þá er full ástæða fyrir okkur heimamenn að hafa áhyggjur af viðhaldsfé til flugvalla sem sjúkraflugið veltur meðal annars á. Ég gef mér að sveitarstjórn Norðurlþings muni kalla eftir upplýsingum frá Ísavia varðandi viðhaldsfé til flugvalla. Ég efast reyndar um að fjárveitingar síðustu ára hafi skilað sér til viðhalds Húsavíkurflugvallar, fjármagn



sem er eyrnamerkt flugvöllum til viðhalds og endurbóta. Fjármagnið hafi farið í aðra flugvelli, en það mun vonandi skýrast á allra næstu dögum. Tryggja þarf að fjárveitingar skili sér í áætluð viðhaldsverkefni sem og fjármagn til frekara viðhalds á flugvöllum landsins verði tryggt. Hvað fjárveitingarnar varðar tek ég undir áhyggjur Njáls Trausta sem koma fram í færslu hjá þingmanninum á Facebook þar sem talað er um að einungis um 60 milljónir eigi að fara til viðhalds minni flugvalla landsins. Ég hvet þingmenn kjördæmisins til að huga að þessu og tryggja m.a. viðhaldsfé til Húsavíkurflugvallar. Svo það sé sagt, þá hafa þingeyingar miklar áhyggjur varðandi sjúkraflugið, það er að það muni líkt og áætlanarflugið leggjast af enda verði ekki brugðist við stöðunni. Ég gef mér að þið takið þessum pósti alvarlega og komið í lið með okkur hvað það varðar að tryggja sjúkra- og áætlanarflug um Húsavíkurflugvöll sem og fjárveitingar til viðhalds flugvallarins og flugstöðvarinnar. Nú er ekki í boði að sitja hjá kæru þingmenn. Endilega bjallið ef það er eitthvað sem er óljóst í póstinum. Síðan er alltaf gott kaffi í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna ef þið eigið leið um Húsavík.

Fh. Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson

Margir veikindadagar án veikinda

Mbl.is fjallaði nýlega um könnun Maskínu er varðar veikindafjarvistir á vinnumarkaði sem hafa verið að aukast, niðurstaðan er athyglisverð svo vitnað sé í fréttina:

„Þegar spurt var um hvort menn hefðu verið frá vinnu vegna veikinda undanfarna 12 mánuði átti það í heildina við 52% svarenda, en 48% höfðu ekki misst úr dag. Um 12% höfðu verið veik í meira en mánuð, en óverulegur munur á aldurshópum. Um þriðjungur svarenda í könnun Maskínu á liðnum ársfjórðungi gekkst við því að hafa tilkynnt veikindi til vinnuveitanda að tilefnislausu. Mikill munur er þó á fólki eftir aldri í þeim efnum. Meira en helmingur yngstu aldurshópanna virðist ekki telja það tiltökumál, en í elsta hópnum má það heita undantekning. Svör um hvort fólk hefði verið frá vinnu vegna veikinda virðast einnig endurspegla þetta. Eftir því sem fólk er eldra, því ólíklegra er að það hafi misst úr vinnu vegna veikinda. Rétt er þó að

taka fram að í þeim svörum er ekki gerður greinarmunur á því hvort um raunveruleg veikindi var að ræða eða ekki. Þar kunna veikindi barna einnig að hafa áhrif, sem hugsanlega skýrir að einhverju marki aukin veikindi eftir því sem fólk er yngra og að jafnaði heilsuhraustara, því barnafólkið er einnig að finna í yngri hópunum“.

Sé könnunin marktæk eru þetta sláandi fréttir. Að sjálf-sögðu ber öllum launþegum að virða ákvæði kjarasamninga varðandi sinn veikindarétt svo ekki komi til þess að atvinnurekendur krefjist þess að veikindarétturinn verði skertur í kjarasamningum vegna misnotkunar. Reyndar er það þegar farið að heyrast. Gangi það eftir að hann verði skertur, verður það mikið áfall fyrir alla þá sem eru sannarlega veikir og þurfa á veikindaréttinum að halda á hverjum tíma.

Sumarhús, íbúðir, hótél og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn-

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshús eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á Húsavík, Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Þá er í boði tjaldstæðastyrkir og gistiávisanir á hótél og gistiheimili víða um land.

Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3



Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með kóju. Þvottavél er í orlofshúsinu.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Orlofshús á Einarstöðum



Sumarhúsin að Einarstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun

o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og kója yfir en í þriðja herberginu eru kójur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt á staðnum. Sækja og greiða þarf fyrir línið hjá umsjónarmanni á Einarstöðum. Félagin verða með tvö orlofshús á Einarstöðum í sumar.

Göngum vel um orlofsíbúðirnar

Afar mikilvægt er að gestir í orlofshúsum og íbúðum á vegum stéttarfélaganna gangi vel um og varist auk þess að vera með hávaða eða læti í íbúðunum. Verði menn uppvísir af því að virða ekki reglurnar fyrirgera þeir sér frekari rétti til að dvelja í íbúðunum auk þess sem þeir bera kostnaðinn af því að þrifa íbúðirnar þurfi þess með.

Stéttarfélagin

Umsóknarfrestur er til 10. apríl

Leiguverð sumarið 2026

Líkt og undanfarin ár bjóða félagin upp á orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 35.000 á viku sumarið 2026. Almennir skiptidagar eru fimmtudagar eða föstudagar. Á umsóknar-eyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshús eru í boði og hvort skiptidagarnir eru fimmtudagar eða föstudagar. Einnig er hægt að nálgast umsóknarblöð á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 10. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Ekkert punktakerfi

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélagunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félagunum.

Flókalundur - Barðaströnd



Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Bjarkarsel - Flúðum



Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum

rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenninu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Illugastaðir Hús nr. 6



Í boði er 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar. Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsofi. Við húsið er góð verönd með heitum potti. Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherbergjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshús Öxarfirði



Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þremur svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 29. maí til 28. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Furulundur 11e - Akureyri



Íbúðin er rúmgóð með þremur svefnherbergjum, það er hjóna-herbergi og tveimur herbergjum með þremur rúmum og tveimur auka dýnum. Þá er barnarúm í íbúðinni.

Góð verönd er við íbúðina sem er endaíbúð í raðhúsi.

Alba gistiheimili – góður kostur



Við viljum benda á athyglisverðan kost fyrir félagsmenn sem eiga leið í styttri ferðir til Reykjavíkur sem er Alba gistiheimili. Það er vel staðsett að Eskihlíð 3 sem er á milli Miklubrautar og Bústaðavegar og því stutt frá flugvellinum. Hægt er að bóka einstaklingsherbergi og upp í fjögurra manna herbergi á mjög hóflegu verði. Sjá frekar inn á orlofssíðu Stéttarfélaganna.

Orlofshús Eiðum



Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi



Í boði eru sex glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100

fm. Í íbúðunum eru tvö herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5



Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að

koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Hraunholti 26-28 - Húsavík



Um er að ræða parhús, 4 herbergja á einni hæð. Eignin er 105,7 m² að stærð auk þess sem um 12 m² garðskúr er við húsið. Íbúðin

samanstendur af þremur svefnherbergjum, baðherbergi, eldhúsi, stofu, forstofu, þvottahúsi og garðskúr. Svefnstæði eru fyrir sex gesti auk þess sem tvær dýnur eru í íbúðunum. Barnarúm fylgir íbúðinni. Við húsið er verönd með heitum potti og fallegum garði.

Orlofskostir á netinu

Félagsmenn sem vilja fræðast betur um þá orlofskosti sem eru í boði á vegum stéttarfélaganna geta farið inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Ánægðir með ferðaávísunina

Ljóst er að félagsmenn stéttarfélaganna eru duglegir við að notast við afsláttarkjör sem þeim bjóðast með kaupum á ferðaávísunum á heimasíðu félaganna, www.framsyn.is. Á árinu 2025 fengu félagsmenn um 3 milljónir í styrki frá félögunum í gegnum kaup á ferðaávísunum. Það er fyrir utan afsláttinn sem félögin höfðu áður samið um við ferðapjónustuaðila víðs vegar um landið og tilteknir eru inn á orlofsvef stéttarfélaganna undir þeim hótélum sem samið hefur verið við um þessi afsláttarkjör. Á hverju ári stendur félagsmönnum til boða 30.000 kr. ferðaávísun hjá félögunum. Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Ávísun á frábært sumar

Við bjóðum félagsmönnum að kaupa ferðaávísun sem tryggir gistingu á góðu verði í sumar, í samstarfi við leiknið hótél og gistiheimili.

Skráðu þig á orlofsvef félagsins á framsyn.is og skoðuðu frábær tilboð á mörgum af bestu hótélum og gistiheimilum landsins.

Kauptu ferðaávísun og njóttu Íslands á sérkjörum.



Veruleg niðurgreiðsla

Þess má geta að félögin taka á leigu orlofshús víða um land til að koma til móts við þarfir félagsmanna. Ekki er óalgengt að félögin þurfi að greiða um 60.000 til 100.000 í leigu fyrir vikuna.

Leiguverðið í sumar til félagsmanna verður kr. 35.000,-.

Félagsmenn greiða því aðeins hluta að því sem það kostar fyrir stéttarfélagin að hafa húsin á leigu.



Tjaldstæðastyrkur- Útilegukort

Félagsmenn geta sótt um styrk vegna gistingar á tjaldstæðum og við kaup á útilegukortinu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu fyrir hluta upphæðarinnar eða allt að kr. 30.000,-.

Veiðikortið 2026

Veiðikortið 2026 stendur félagsmönnum stéttarfélaganna til boða á sérstöku vildarverði, eða 5.700 krónur. Fullt verð er kr. 9.900. Greiða þarf fyrir veiðikortin á Skrifstofu stéttarfélaganna. Síðan munu þau berast félagsmönnum með pósti. Helstu upplýsingar um veiðikortið má nálgast á www.veidikortid.is.



Konvin Hotel By Keflavik Airport



Stéttarfélagin hafa verið með samning við Konvin Hotel By Keflavik Airport. Hótelið hefur verið mjög vinsælt meðal félagsmanna stéttarfélaganna enda góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Akstur frá hótelinu á Keflavíkurflugvöll er innifalinn í verðinu fyrir gistingu. Með því að fara inn á orlofsvef stéttarfélaganna geta menn keypt ferðaávísun sem gildir sem afsláttur fyrir félagsmenn á gistingu. Auk þess hefur verið samið um viðbótarafslátt sem er innifalinn í uppgefnu verði á orlofsvefnum.

Lausar vikur í orlofshúsum

Þegar búið verður að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í apríl verður hægt að sjá hvaða vikur eru lausar vakni áhugi hjá þeim félagsmönnum sem sóttu ekki um fyrir tilsettan tíma að bregða sér í orlofshús í sumar.

Ferðaávísun í boði

-Kostakjör fyrir félagsmenn-

Félagsmenn sem velja að ferðast um landið í sumar og gista á þeim fjölmörgu hótélum og gistiheimilum sem stéttarfélögin hafa samið við um afsláttarkjör fyrir félagsmenn eiga rétt á ferðaávísun til viðbótar upp á kr. 30.000. Ávísunina geta félagsmenn notað til að niðurgreiða dvölina á hótélum og gistiheimilum sem finna má á orlofsvef stéttarfélaganna. Ferðaávísunin virkjust sjálfkrafa sé gisting á hótélum eða gistiheimilum pöntuð í gegn um orlofsvefinn. Það er, menn geta notað ávísunina til að greiða hverja nótt niður um 20% þó að hámarki kr. 30.000,-. Fram hefur komið hjá félagsmönnum að þeir eru mjög ánægðir með þennan möguleika að geta ferðast um landið og gist á hótélum og gistiheimilum á sérkjörum stéttarfélaganna. Hér að neðan má sjá dæmi um fjölmarga gistimöguleika og gönguferðir sem eru í boði fyrir félagsmenn sem geta tekið breytingum milli ára. Nánari upplýsingar eru að sjálfsögðu í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Hótel Laugabakki

Norðurland



Hótel Vestmannaeyjar

Suðurland



Íslandshótel Reykjavík

Höfuðborgarsvæðið



Hótel Keflavík

Suðurland



Langholt

Vesturland



Siglunes

Norðurland



Hótel Varmahlíð

Norðurland



Hótel Katla

Suðurland

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausri brottvikningu úr húsnaðinu og sektum.

Gisting í farfuglaheimilum

Félagsmönnum og fjölskyldum þeirra býðst gistingu á farfuglaheimilum víða um land. Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kodda, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110. Gisti félagsmenn á farfuglaheimilum geta þeir framvísað reikningum fyrir gistingu á Skrifstofu stéttarfélaganna. Gegn því færst endurgreiðsla að upphæð kr. 2.500 per nótt fyrir gistingu.



Launahækkun á almennum vinnumarkaði 1. janúar

Samkvæmt nágildandi kjarasamningi SGS og Samtaka Atvinnulífsins hækkuðu laun þann 1. janúar 2026. Kaup-taxtar hækkuðu um 5,3% en 23.750 kr. að lágmarki og kjaratengdir liðir samningsins um 3,5% frá sömu dag-setningu. Starfsgreinasambandið hefur gefið út nýja kauptaxta vegna starfa á almennum vinnumarkaði þar sem hægt er að sjá hvernig mismunandi launaliðir hækka út frá launaflokkum og starfsaldri. Sama á við um Landssamband ísl. Verslunarmanna. Hægt er að nálgast þessar upplýsingar inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is. Frá síðustu áramótum hækkuðu taxtalaun um 3,5% en þó að lágmarki um 23.750 kr. Það þýðir að almenn mánaðarlaun sem eru yfir 678.571 kr. hækka um 3,5%, en laun sem eru undir 678.571 kr., en þó yfir lágmarkstaxta kjarasamnings, hækka um 23.750 kr. á mánuði. Gæta þarf að því að eftir breytinguna séu laun að lágmarki jafngóð og skv. kauptaxta kjarasamnings. Með almennum mánaðarlaunum er átt við föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu. Framsýn vill hvetja félagsmenn að fylgja vel með að umsamdar launahækkunar skili sér inn á launareikninga og birtist með réttum hætti á launaseðlinum. Jafnframt eru félagsmenn hvattir til að ganga úr skugga um að desemberuppbótin hafi skilað sér með réttum hætti, en hana átti að greiða út í síðasta lagi 15. desember síðastliðinn. Ef einhverjar spurningar vakna eru félagsmenn hvattir til að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna. Einnig er vert að benda á reiknivél inn á vef stéttarfélaganna eða sgs.is þar sem sjá má yfirlit yfir launahækkunar á samningstímanum, bæði út frá kaup-töxtum og almennum launum. Á heimasíðu stéttarfélaganna er að finna sambærilegar upplýsingar fyrir þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur.



Orlofshús fyrir félagsmenn

Rétt er að vekja athygli á því að orlofshús stéttarfélaganna eru aðeins fyrir félagsmenn og fjölskyldur þeirra. **Það þýðir að félagsmönnum er óheimilt með öllu að taka á leigu hús fyrir aðra en þá sjálfa.**

15% afsláttur í Jarðböðin

Samkvæmt samkomulagi eiga félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum rétt á 15% afslætti fari þeir í Jarðböðin í Mývatnssveit. Áður en farið er, þurfa félagsmenn að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá sérstök afsláttarkort.

Fréttabréfið liggur frammi í verslunum

Því miður er pósturinn að mestu hættur að bera út fjölpóst. Þess vegna mun Fréttabréfið ekki berast lesendum í Þingeyjarsýslum með póstinum. Þess í stað geta félagsmenn og aðrir dyggir lesendur nálgast Fréttabréfið í helstu matvörubúðum á svæðinu auk þess sem það liggur frammi á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Samhljómur á Iðnþingi

Iðnþing 2026 fór fram í Silfurbergi í Hörpu í byrjun mars. Samtök iðnaðarins stóðu að þinginu sem að þessu sinni bar yfirskriftina „Finnur samhljómin“. Metskráning var á þingið og yfir 700 gestir sátu þingið. Meðal gesta var Aðalsteinn Árni Baldursson, formaður Framsýnar stéttarfélags í Þingeyjarsýslum, sem sérstaklega var boðið að sitja þingið. Aðalsteinn segir í samtali við Húsavík.com mikilvægt að fulltrúar verkalyðshreyfingar og atvinnulífs taki þátt í umræðum um framtíð íslensks iðnaðar og atvinnulífs. „Ég tek heilshugar undir áherslur þingsins. Það er ekki í boði að sitja hjá, allir bera ábyrgð. Við þurfum að stilla saman strengi og vinna að því að efla íslenskt atvinnulíf sem stendur frammi fyrir harðri samkeppni á alþjóðamörkuðum,“ segir Aðalsteinn Árni. Rauði práðurinn í umræðum á þinginu var að lífskjör landsmanna byggjast á framleiðslu verðmæta. Í ljósi aukinnar spennu á alþjóðasviðinu og breytts aðgengis að erlendum mörkuðum sé mikilvægt að standa vörð um samkeppnishæfni Íslands. Þá var einnig bent á að óvissa og þrengingar í efnahagsmálum hér á landi kalli á að heimatilbúnum hindrunum verði rutt úr vegi. Aðalsteinn segir Framsýn reiðubúið að leggja sitt af mörkum til þeirrar vinnu og bendir á að atvinnuuppbygging í Þingeyjarsýslum skipti þar miklu máli. „Það stendur ekki á Framsýn að taka þátt í þeirri vinnu. Við munum á næstu dögum funda með forsvarsmönnum Landsvirkjunar til að ræða stöðu PCC á Bakka og þær hugmyndir sem eru uppi um frekari atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Það er afar mikilvægt að starfsemi PCC komist sem fyrst í eðlilegt horf og að fyrirtækjum sem hafa áhuga á uppbyggingu á Bakka verði veitt brautargengi,“ segir hann. Að hans sögn þarf að nýta þá orku sem til staðar er í Þingeyjarsýslum til atvinnuuppbyggingar í heimabyggð. „Líkt og fram kom á Iðnþingi er lykilatriði að ná samhljómi um nauðsynlegar umbætur. Það á líka við um uppbyggingu á Bakka, þar þurfa allir að vinna saman,“ segir Aðalsteinn Árni Baldursson. (husavik.com)



Atvinnumál til umræðu

Björn Gíslason sem nýlega var ráðinn í starf verkefnastjóra atvinnuuppbyggingar á Bakka við Húsavík heilsaði upp á formann Framsýnar á dögnum. Björn tók við starfinu í janúar. Hlutverk hans verður að ýta úr vör nýjum verkefnum á Bakka við Húsavík, styðja fjárfesta með greinargóðum upplýsingum og samhæfa vinnu lykil aðila að stórum fjárfestingum á svæðinu. Björn var framkvæmdastjóri Stefnu frá árinu 2021 og hefur stýrt því fyrirtæki í gegnum miklar breytingar. Áður starfaði Björn m.a. sem fjárfestingarstjóri hjá KEA þar sem hann kom að mati á fjárfestingarkostum og mati á tækifærum og viðskiptahugmyndum sem og sem sjóðsstjóri fjárfestingarsjóðsins Tækifæris hjá Íslenskum verðbréfum til margra ára. Björn hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja og tekið þátt í stefnumótun og rekstri fyrirtækja og mati nýsköpunarhugmynda. Einnig hefur Björn mikla reynslu sem verkefnastjóri þar á meðal hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Á fundinum kom fram mikill vilji aðila til að eiga gott samstarf um atvinnuuppbyggingu á Bakka enda stéttarfélögunum umhugað um að efla atvinnulífið, ekki síst þar sem staða PCC er ekki góð um þessar mundir og þá er ákveðin óvissa varðandi ferðaþjónustuna vegna aukinnar skattlagningar á atvinnugreinina sem full ástæða er til að hafa áhyggjur af. Þrátt fyrir áföll í atvinnulífinu er mikilvægt að menn horfi fram á veginn með það að markmiði að efla atvinnulífið í sveitarfélaginu Norðurþingi.



Stéttarfélagin bjóða félagsmönnum upp á góðan afslátt á flugi með Icelandair milli landa. Með því að kaupa Gjafabréf Icelandair inn á orlofsvef stéttarfélaganna á kr. 22.000,- gildir það sem kr. 30.000,- upp í ferðina. Hverjum félagsmanni er heimilt að kaupa tvö gjafabréf á ári með Icelandair.

Frekari upplýsingar eru á <http://orlof.is/framsyn/>



Gestkvæmt á Skrifstofu stéttarfélaganna

Jólahátíðin er vissulega búin en það er ekki annað hægt en að birta mynd af hópi jólasveina sem litu við á Skrifstofu stéttarfélaganna á aðventunni og heilsuðu upp á starfsmenn. Heimsóknir sem þessar eru alltaf virkilega ánægjulegar. Reyndar eru margir á því að jólasveinunum leiðist ekki að koma við á skrifstofunni enda hitti þeir þar fyrir nokkra jólasveina í mannsmynd.



Samráðsfundur um stöðuna

Formaður Framsýnarfundaði nýlega með forsvarsmönnum PCC BakkiSilicon um stöðuna. Því miður hafa verð fyrir kúsmálm haldið áfram að vera í sögulegu lágmarki en vænst er að verðin muni hækka í komandi framtíð. Í dag eru tæplega 20 starfsmenn við störf hjá fyrirtækinu á Bakka við Húsavík. Eigendur PCC BakkiSilicon eru að leita alla leiða til að koma framleiðslunni í gang á nýjan leik og snúa dagsdagleg störf starfsmanna að því að viðhalda verksmiðjunni þannig að hún sé í stakk búin til að hefja framleiðslu á ný þegar markaðsaðstæður leyfa. Framsýn og PCC BakkiSilicon leggja mikið upp úr góðu samstarfi enda miklir hagsmunir í húfi fyrir samfélagið að takist að endurreisa starfsemi fyrirtækisins á Bakka sem fyrst.



Rólegt yfir aðalfundi verslunarmanna

Aðalfundur Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar fór fram 15. janúar sl. Fundurinn fór vel fram og urðu almennar umræður um starfsemi deildarinnar og önnur mál er tengjast verslun- og þjónustu á félagssvæðinu. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn deildarinnar fyrir starfsárið 2026: Aðalsteinn J. Halldórsson formaður, Elva Héðinsdóttir varaformaður, Harpa Stefánsdóttir ritari og Anna Brynjarsdóttir og Kristbjörg Vala Kristjánsdóttir sem meðstjórnendur. Hægt er að lesa um málefni aðalfundarins inn á vef stéttarfélaganna framsyn.is.



44 milljónir greiddar til starfsmanna sveitarfélaga

Samkvæmt ákvæðum kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og Framsýnar greiða sveitarfélögin Norðurþing og Þingeyjarsveit mánaðarlegt framlag í félagsmannasjóð sem nemur 2,2% af heildarlaunum starfsmanna. Sjóðurinn er í umsjón Framsýnar sem greiðir út til starfsmanna sem eru félagsmenn 1. febrúar ár hvert fyrir umliðið ár samkvæmt stofnskrá sjóðsins. Flestir hafa þegar fengið greiðslur úr sjóðnum eða um 500 starfsmenn. Nokkrir starfsmenn hafa ekki skilað inn bankaupplýsingum og því hefur ekki verið hægt að gera upp við þá. Skorað er á þá að skila inn umbeðnum upplýsingum svo hægt verði að standa skil á greiðslum til þeirra.

Fengu greiddar tæplega 170 milljónir í styrki á árinu 2025

Á árinu 2025 voru 1.414 styrkir greiddir úr sjúkrasjóði Framsýnar til félagsmanna. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra bóta og styrkja kr. 134.265.030,-. Þar af voru sjúkradagpeningar kr. 91.384.972 og aðrir styrkir s.s. sálfræðikostnaður félagsmanna og heilsurækt kr. 42.800.558. Til viðbótar má geta þess að 358 félagsmenn fengu greiddar kr. 28.508.350,- í einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum sem Framsýn á aðild að í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Samtals nema þessar greiðslur rúmlega 168 milljónum á árinu 2025. Ekki þarf að taka sérstaklega fram að það borgar sig að eiga aðild að öflugum stéttarfélagi.



Mýsköpun með kynningarfund um atvinnuuppbyggingu

Ingólfur B. Gunnarsson framkvæmdastjóri Mýsköpunar og Valdimar Halldórsson stjórnarformaður fyrirtækisins kynntu fyrir fulltrúum frá Framsýn og Norðurþingi áform fyrirtækisins um hugsanlega atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Mýsköpun horfir til hátækni framleiðslu á örþörungum á Þeistareykjum enda gott aðgengi að orku og vatni forsendan fyrir atvinnurekstri sem þessum. Mýsköpun gerði samstarfssamning við Landsvirkjun á árinu 2025 um verkefnið. Verkefnið lofar góðu og áfram verður unnið að því að þróa verkefnið áfram. Kynningin fór fram í fundarsal stéttarfélaganna fyrir áramótin.



Vel sóttur félagsfundur um lífeyrismál

Framsýn stóð fyrir félagsfundi um lífeyrismál í febrúar í samstarfi við Þingið og Lsj. Stapa. Formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson, opnaði fundinn og fór nokkrum orðum yfir mikilvægi þess að félagsmenn væru vel inn í sínum málum, ekki síst hvað varðaði lífeyrismál og hvenær tímabært væri að hefja töku lífeyris. Töluvert væri leitað eftir ráðgjöf á Skrifstofu stéttarfélaganna hvað varðaði töku lífeyris. Þess vegna hefðu stéttarfélagin, Framsýn og Þingið staðið reglulega fyrir kynningarfundum um lífeyrismál í samstarfi við starfsmenn Lsj. Stapa. Samstarfið hefði verið með miklum ágætum. Tveir góðir gestir frá Lsj. Stapa væru komnir til að fræða fundarmenn um tilgang og markmið lífeyrissjóða auk þess að svara spurningum fundarmanna um lífeyristöku og form sparnaðar s.s. séreignasparnaðar. Þetta væru þær Jóna Finndís Jónsdóttir forstöðumaður réttindasviðs og Kristín Hilmarsdóttir sem sæi um kynningar og vefmál hjá sjóðnum. Hann bauð þær sérstaklega velkomnar til fundarins. Jóna Finndís þakkaði fyrir hlý orð í garð þeirra Kristínar. Því næst flutti hún mjög svo fróðlegt erindi um starfsemi lífeyrissjóða, fór yfir samtryggingar- og örorkuhlutann auk þess að fjalla um séreignina og tilgreindu séreignina. Jóna Finndís kom víða við í sínu erindi auk þess að svara fundarmönnum sem lögðu fram fjölmargar spurningar á fundinum og lýstu jafnframt yfir ánægju sinni með fundinn sem að þeirra mati hefði verið mjög upplýsandi. Í lok fundar, þakkaði Aðalsteinn Árni frummælendum og fundarmönnum fyrir góðan fund um leið og hann færði þeim Jónu og Kristínu konfekt frá félögunum. Þær sögðu alltaf ánægjulegt að koma til Húsavíkur á fundi hjá stéttarfélagunum.



Fundarmenn komu úr öllum áttum, m.a. frá Húsavík, Reykjadal og Mývatnssveit.


Skrifstofa laus til leigu

Einstaklega góð skrifstofa er til leigu í húsnæði Hrunabúðar að Garðarsbraut 26, það er fyrir ofan Skrifstofu stéttarfélaganna. Á hæðinni eru nokkur fyrirtæki og sálfræðipjónusta með starfsemi. Þar starfar góður hópur starfsmanna. Frekari upplýsingar gefur Aðalsteinn Árni, kuti@framsyn.is.



FÖR MÍN TIL FURÐUSTRANDA – áhugaverð umfjöllun

Framsýn stéttarfélag gaf út ljóðabókina Tvennir tímar árið 2018 í samstarfi við afkomendur Bjargar Pétursdóttur. Bókin hefur fengið mjög góða dóma sbr. nýleg umfjöllun á vefnum „skald.is“ en bókin þykir mikil fengur fyrir íslenska kvennabaráttu og sögu hennar. Í gegnum ljóð Bjargar endurspeglar hróp eða áköll kvenna um rétt þeirra til þess að eiga sér mannsæmandi líf. Sjá frekar inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.



Verslum í heimabyggð

Viðhöldum verslun og þjónustu með því að versla í heimabyggð.

Stéttarfélögin

Prek og tár – afsláttur í boði fyrir félagsmenn

Prek og tár, eitt af ástsælustu verkum Ólafs Hauks Símónarsonar verður á fjölunum hjá leikdeild Umf. Eflingar á Breiðumýri í vetur. Leikstjóri er María Pálsdóttir og tónlistarstjóri Pétur Ingólfsson. Leikaravalið eru að stærstum hluta heimamenn úr sveitinni með góðri aðstoð leikara og aðstoðarliðs frá Framhaldsskólanum á Laugum en í verkinu stíga á stökk 17 leikarar, 4 hljómsveitarmenn og annar eins fjöldi vinnur baksviðs við hin ýmsu verk sem fylgja uppsetningu sem þessari sem er vönduð í alla staði. Félagsmenn stéttarfélaganna, Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur er velkomið að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá afsláttarmiða á leik-sýninguna, það er áður en þeir fara á sýninguna. Gegn því að framvísa afsláttarmiða frá stéttarfélagunum greiða félagsmenn kr. 3000,- fyrir miðann í stað þess að greiða kr. 4.500,-. Ekki er í boði að fá afsláttarkjör eftir á, það er eftir að félagsmenn hafa farið á sýninguna. Rétt er að taka fram að allir félagsmenn eiga rétt á afsláttarmiða fyrir sig enda eru þeir skráðir á nafn viðkomandi félagsmanns. Það er greiddandi félagsmenn, félagsmenn sem eru hættir á vinnu-markaði vegna aldurs og þeir sem greiddu til stéttarfélaganna þegar þeir féllu út af vinnumarkaði vegna örorku.



Glæsileg hátíðarhöld 1. maí

Að venju fara 1. maí hátíðarhöld stéttarfélaganna fram á Fosshótel Húsavík. Boðið verður upp á kaffiveitingar, ljúffengar tertur og frábær skemmtiatriði. Dagskráin er í mótun og verður auglýst betur síðar. Að hátíðinni standa Framsýn, Þingiðn og Starfsmannafélag Þingeyinga.



Opnað fyrir umsóknir á orlofshúsum

Opnað hefur verið fyrir umsóknir á orlofshúsum fyrir sumarið 2026. Hægt er að nálgast eyðublaðið á heimasíðu stéttarfélaganna eða í Fréttabréfinu. Í ár bætist við annar bústaður á Einarstöðum við þann sem fyrir var, en Einarstaðabústaðurinn hefur jafnan verið vinsælasti orlofskosturinn í gegnum árin. Hægt er að skila umsóknum á framsyn@framsyn.is.



Mannauðssjóðurinn Hekla

Rétt er að minna meðlimi Starfsmannafélags Húsavíkur á Mannauðssjóðinn Heklu. Inni á heimasíðunni er heilmikið af upplýsingum um þá styrki sem sjóðurinn veitir. Ef stofnanir í sveitarfélaginu halda námskeið eða eru að huga að starfsþróun fyrir sitt starfsfólk þá er Mannauðssjóðurinn vettvangur til að sækja um styrki.

Þetta á líka við um náms- og kynnisferðir. Þá þarf að passa vel að sækja um á fjórða ári frá síðustu ferð og vanda dagskrá og gögn sem eru send með umsókninni. Inni á heimasíðunni er umsóknargátt og í gegnum hana er sótt um styrkina. Athugið að sótt er um á kennitölu sveitarfélagsins þar sem sjóðurinn er vinnustaðasjóður en ekki einstaklingsjóður.



Verðlaunin skiluðu sér í Mývatnssveitina

Sá ágæti veitingastaður í Mývatnssveit, Fish & Chips Lake Mývatn vann til verðlauna, International Fish and Chips Operator of the Year á The National Fish and Chips Awards 2026 sem fram fór á Park Plaza Westminster Bridge í London. Sjá má frétt um málið inn á þeim ágæta vef, husavik.com. Forsvarsmenn Fish & Chips Lake Mývatn tóku við verðlauninum í London í vikunni, en fyrirtækið var eitt þriggja í úrslitum í alþjóðlegum flokki, sem besti alþjóðlegi fish and chips staðurinn. Verðlaunin eru veitt af National Federation of Fish Friers og eru ein þau virtustu í heimi á sviði fiskirétta. Sigurinn er mikil viðurkenning fyrir veitingastaðinn sem opnaði árið 2022. Á veitingastaðnum starfa félagsmenn Framsýnar. Félagið óskar eigendum og starfsfólki til hamingju með viðurkenninguna um leið og skorað er á fólk að líta við hjá Fish and Chips í Mývatnssveit á komandi sumri og njóta veitinga sem gerast ekki betri sbr. þessi verðlaun sem staðfesta gæði staðarins.



Hvetja ráðherra til dádá

Í samtölum sem forsvarsmenn Framsýnar hafa átt við Jóhann Páll Jóhannsson Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, hefur verið skorað á ráðherra að flýta skoðun ráðuneytisins á virkjunarkostum í Þingeyjarsýslum. Það sé forsendan fyrir því að hægt verði að hraða atvinnuuppbyggingu á svæðinu öllum til hagsbóta. Ráðherra hefur tekið beiðni félagsins vel.



Nýr formaður tekur við keflinu

Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar fór fram í lok desember sl. Miklar og góðar umræður urðu á fundinum um málefni sjómanna auk þess sem gengið var frá kjöri á stjórn deildarinnar til eins árs. Eftirtaldir hafa setið í stjórn: Jakob G. Hjaltalín formaður, Börkur Kjartansson varaformaður, Gunnar Sævarsson ritari og Sigdór Jósefsson og Héðinn Jónasson meðstjórnendur. Jakob gaf ekki kost á sér áfram enda verið formaður deildarinnar í 36 ár. Börkur Kjartansson var kjörinn nýr formaður og Gunnar Sævarsson varaformaður. Aðrir í stjórn eru Sigdór Jósefsson og Héðinn Jónasson sem og Önnundur Kristjánsson sem kemur nýr inn í stjórn deildarinnar. Mogn óánægja kom fram á aðalfundinum með ákvörðun stjórnvalda um að falla frá lögum um samsköttun hjóna og sambúðarfólks. Fundurinn samþykkti samhljóða að senda frá sér svohljóðandi ályktun:

Ályktun

-Samsköttun hjóna og sambúðarfólks-

„Aðalfundur Sjómannadeildar Framsýnar, haldinn 29. desember 2025, mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að falla frá reglum og lögum um samsköttun hjóna og sambúðarfólks. Þá minnir aðalfundurinn á að sjómannaafslátturinn var tekinn af að fullu árið 2013. Áfram skal haldið, nú skal aftur höggvið í sama knérunn gagnvart sjómönnum. Aðalfundurinn hvetur samtök sjómanna til að berjast fyrir því að stjórnvöld falli frá boðuðum breytingum á samsköttun hjóna og sambúðarfólks. Annað kemur ekki til greina.“



Samþykkt að færa Völsungi gjöf frá deildinni

Sjómannadeildin samþykkti að færa Íþróttafélaginu Völsungi að gjöf sjónvarpstæki í félagsaðstöðuna við Íþróttasvæðið á Húsavík. Fyrir liggur að aðstaðan er mikið notuð af ungum sem eldri iðkendum íþróttar á vegum Völsungs. Þá er vinsælt hjá eldri borgurum og almenningi að stunda líkamsrækt á Íþróttasvæðinu með aðgengi að félagsaðstöðunni. Það kemur sér því afar vel fyrir alla aldurshópa að aðstaðan sé vel búin tækjum til afþreyingar og heilsubótar. Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri Völsungs er hér með stjórnarmönnum í Sjómannadeild Framsýnar við afhendinguna á gjöfnni. Nánar er hægt að lesa um helstu málefni fundarins inn á vef félagsins, framsyn.is



Persónuafsláttur tók breytingum um áramótin

Þann 1. janúar 2026 urðu breytingar á tekjubili í skattþrepum og fjárhæð persónuafsláttar. Skatthlutfall í staðgreiðslu samanstendur annarsvegar af tekjuskatti og hins vegar meðalútsvari (14,94%). Skatthlutfallið á árinu 2026 er:

- 31,49% af tekjum 0 – 498.122 kr. (þar af 16,55% tekjuskattur)
- 37,99% af tekjum 498.123 – 1.398.450 kr. (þar af 23,05% tekjuskattur)
- 46,29% af tekjum yfir 1.398.450 (þar af 31,35% tekjuskattur)

Persónuafsláttur er nú 869.898 kr. á ári, eða 72.492 kr. á mánuði. Nánar á skattur.is

Auglýsing um kjör á fulltrúum í stjórnir, ráð og nefndir á vegum Þingiðnar fyrir kjörtímabilið 2026-2028

Aðalstjórn:

Jónas Kristjánsson
Jónas Hallgrímsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Þórður Aðalsteinsson
Hermann Sigurðsson

Varastjórn:

Gunnólfur Sveinsson
Máni Bjarnason
Dáníel Jónsson
Hörður Ingi Helenuson

Trúnaðarmannaráð:

Sigurjón Sigurðsson
Einar Már Þórólfsson
Andri Rúnarsson
Kristinn Jóhann Lund
Rafnar Berg Agnarsson
Sigurður Karlsson

Varatrúnaðarmannaráð:

Karl Óskar Aðalsteinsson
Kristján Gíslason
Sigurður Sigurjónsson
Bjarni Gunnarsson

Skoðunarmenn ársreikninga:

Kristján Gíslason
Arnþór Haukur Birgisson

Varamaður:

Stefán Jónasson
Tístran Blær Karlsson

Kjörnefnd:

Davíð Þórólfsson
Gunnólfur Sveinsson
Kristján Gíslason

Stjórn Sjúkrasjóðs:

Jónas Kristjánsson
Hermann Sigurðsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson

Varamenn:

Jónas Hallgrímsson
Þórður Aðalsteinsson
Stefán Jónasson

Stjórn Orlofsjóðs:

Jónas Kristjánsson
Jónas Hallgrímsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Þórður Aðalsteinsson
Hermann Sigurðsson

Fulltrúi félagsins í orlofsnefnd stéttarfélaganna:

Jónas Kristjánsson

Fulltrúi félagsins í fulltrúaráði stéttarfélaganna:

Jónas Kristjánsson

Löggiltur endurskoðandi:

PricewaterhouseCoopers ehf.

Formaður
Varaformaður
Ritari
Gjaldkeri
Meðstjórnandi

Vinnustaður:

Bílaleiga Húsavíkur ehf.
Norðurvík ehf.
Rein ehf.
Fagmál ehf.

Norðurvík ehf.
Fosshótel Húsavík
Fjallasýn ehf.
Trésmiðjan Rein ehf.
PCC Bakki
Eimskip hf.

Gentle Giants
Norðlenska ehf.
Bifreiðaskoðun Íslands ehf.
Fjallasýn ehf.

Kjörstjórn:

Máni Bjarnason
Jónmundur Aðalsteinsson

Varamenn:

Andri Rúnarsson

Fulltrúi félagsins 1. maí nefnd stéttarfélaganna:

Jónas Kristjánsson

Stjórn Fræðslusjóðs:

Jónas Kristjánsson
Aðalsteinn Árni Baldursson
Jónína Hermannsdóttir

Varamenn:

Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Hermann Sigurðsson

Stjórn Vinnudeilusjóðs:

Jónas Kristjánsson
Jónas Hallgrímsson
Hólmgeir Rúnar Hreinsson
Þórður Aðalsteinsson
Hermann Sigurðsson



Heimilt er hverjum fullgildum félaga að koma með breytingartillögum um félagsmenn í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu um skipan í trúnaðarstöður næsta kjörtímabil. Breytingartillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 10% fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 20% félagsmanna. Skyld er að koma breytingartillögum til skrifstofu félagsins að Garðarsbraut 26, 640 Húsavík, fyrir 1. mars 2026.

Athygli er vakin á því að samkvæmt 10. gr. félagslaga c-lið eru félagsmenn skuldbundnir til að gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið, nema einhver sú ástæða hamli, sem félagsfundur tekur gilda. Enginn getur, nema af frambornum ástæðum sem félagsfundur tekur gilda, skorast undan að taka kosningu í stjórn eða útnefningu til annarra starfa í þágu félagsins. Þó getur starfandi stjórnarmaður, sem verið hefur þrjú ár samfellt í stjórn félagsins, skorast undan stjórnarstörfum í jafnlangan tíma. Sama gildir um önnur trúnaðarstörf í þágu félagsins.

Húsavík 28. janúar 2026

(Áður auglýst á heimasíðu stéttarfélaganna 28. janúar 2026)

Kjörnefnd Þingiðnar

Íslandsbanki



Fyrir þína
fjárhagslegu heilsu